



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður

Viðauki við samning um afnot af landi

Þann 24. apríl 2020, gerðu Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði (landeigandi) og Fisherman ehf., kt. 611105-0960, Aðagötu 15 Suðureyri (verktaki), með sér samning um afnot þess síðarnefnda af landi (afnotasamningurinn).

Nánar til tekið var verktaka úthlutað með framangreindum afnotasamningi til uppbyggingar iðnaðar- og athafnasvæði við Brjótinn á Suðureyri, 4.47 hektara landi, á Suðureyri í Súgandafirði, sem er í um 0.5 kílómetra utan við miðbæ Suðureyrar. Landsvæðið hefur verið nefnt Iðnaðar- og athafnasvæði B20 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Með viðauka þessum eru staðfestar eftirfarandi breytingar á framangreindum afnotasamningi sem verktaki hefur óskað eftir:

1. Samkomulag er um að framkvæmdatími skv. afnotasamningnum skuli færast fram í tíman um eitt ár. Skal því gr. 9.1 samningsins breytast með eftirfarandi hætti:

Áætlað er að framkvæmdir fari fram sem hér segir:

- a. Framkvæmdir við 1. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2023 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2026.
- b. Framkvæmdir við 2. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2026 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2031.
- c. Framkvæmdir við 3. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2031 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2036.

2. Landeigandi hefur samþykkt ósk verktaka um að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt afnotasamningnum, þ.m.t. framkvæmdaleyfi útgefnu þann 8. október 2021, til dótturfélags síns í samræmi við reglu 14. gr. afnotasamningsins. Með undirritun viðauka þessa eru því staðfest aðilaskipti að afnotasamningnum, þ.m.t.

framkvæmdaleyfi útgefnu þann 8. október 2021, þannig að Hafnarstaðir ehf., kt. 570203-3980, Eyrargötu 7, 430 Suðureyri tekur við öllum réttindum og skyldum verktaka samkvæmt honum.

Ísafirði þann _____ 2022

f.h. Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

f.h. Fisherman ehf.

f.h. Hafnarstaða ehf. um samþykki fyrir aðilaskiptum

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift
og hæfi aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala